

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. mars 2013 í máli nr. E-1877/2012:

LBI hf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

gegn

Banco Etcheverria SA

(Skarphéðinn Pétursson hrl.)

Mál þetta, sem þingfest var 29. maí 2012, var tekið til úrskurðar mánudaginn 4. mars 2013 að loknum munnlegum málflutningi um kröfu stefnda, Banco Etcheverria SA, C/Canton Claudino Pita 2, Betanzos 15-A Coruna, Spáni, um frávísun. Stefnandi, LBI hf., áður Landsbanki Íslands hf., Austurstræti 16, Reykjavík, krefst þess að kröfu stefnda um frávísun verði hafnað. Báðir aðilar krefjast málskostnaðar. Við sömu fyrirtöku málsins var einnig tekinn til úrskurðar ágreiningur aðila um framlagningu tiltekinna skjala af hálfu stefnanda.

Yfirlit yfir efnishlið málsins

Í málinu hefur stefnandi uppi þær efniskröfur að staðfest verði með dómi riftun á greiðslum stefnanda, sem þá bar heitið Landsbanki Íslands hf., til stefnda að fjárhæð 18.116 evra 30. maí 2008, að fjárhæð 45.210 evra 2. júní 2008, að fjárhæð 882 evra 30. júní 2008 og að fjárhæð 13.395 evra 19. september 2008, vegna skuldabréfa sem voru með gjalddaga 16. janúar 2010 og voru gefin út af Landsbanka Íslands hf., með auðkennið EMTN 183 og ISIN númer XS0305069790. Stefnandi krefst einnig riftunar á greiðslu stefnanda til stefnda að fjárhæð 4.660,50 evra 21. júlí 2008 vegna greiðslu skuldabréfa sem voru með gjalddaga 8. maí 2009 og voru gefin út af Landsbanka Íslands hf., með auðkennið EMTN 186 og ISIN númer XS0325810728. Jafnframt krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 82.263,50 evrur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. september 2010 til greiðsludags. Í efnispætti málsins krefst stefndi sýknu en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar.

Helstu atvikum málsins er þannig lýst í stefnu að hinn 15. maí 2001 hafi Landsbanki Íslands hf. gefið úr útboðslýsingu vegna fyrirhugaðrar útgáfu bankans á skuldabréfum samkvæmt svokölluðum EMTN skuldabréfaramma (e. Euro Medium Term Note Programme, hér eftir nefndur EMTN skuldabréfaramminn). Á næstu árum og allt þar til að bankinn féll 7. október 2008 hafi verið gerðar árlegar

uppfærslur á skuldabréfarammanum og við fall bankans hafi heimild hans til þess að gefa út skuldabréf undir rammanum verið orðin 11.000.000.000 evrur. Þau skuldabréf sem mál þetta varðar hafi verið gefin út á grundvelli uppfærðrar útgáfu af EMTN skuldabréfarammanum, dagsettri 18. apríl 2007. Hinn 12. júlí 2007 hafi Landsbanki Íslands hf. gefið út skilmála (e. Final Terms) fyrir skuldabréfaflokk, útgefnum undir EMTN skuldabréfarammanum, með auðkenni EMTN 183 og ISIN númer XS0305069790. Heildarnafnvirði skuldabréfaflokksins hafi átt að vera 1.397.000 evrur og bréfin gefin út 16. júlí 2007 með lokagjalddaga 16. janúar 2010. Hinn 5. nóvember 2007 hafi Landsbanki Íslands hf. gefið út skilmála fyrir skuldabréfaflokk, útgefnum undir EMTN skuldabréfarammanum, með auðkenni EMTN 186 og ISIN númer XS0325810728. Heildarnafnvirði skuldabréfaflokksins hafi átt að vera 1.000.000 evrur og bréfin gefin út 8. nóvember 2007 með lokagjalddaga 8. maí 2009. Skuldabréfin hafi ekki verið skráð á virkum verðbréfamarkaði.

Því er lýst í stefnu að Landsbanki Íslands hf. hafi greitt stefnda fimm greiðslur vegna skuldabréfa úr framangreindum skuldabréfaflokkum þótt ekki hafi verið komið að gjalddaga þeirra. Greiðslurnar hafi verið samtals að fjárhæð 82.263,50 evra vegna skuldabréfa að höfuðstól samtals 91.000 evrur. Fjórar greiðslur hafi verið til uppgreiðslu skuldabréfa úr skuldabréfaflokkinum EMTN 183 og ein greiðsla til uppgreiðslu skuldabréfa úr skuldabréfaflokkinum EMTN 186. Greiddar hafi verið 18.116 evrur 30. maí 2008 vegna skuldabréfa að nafnvirði 20.000 evra, 45.210 evrur 2. júní 2008 vegna skuldabréfa að nafnvirði 50.000 evra, 883 evrur 30. júní 2008 vegna skuldabréfa að nafnvirði 1.000 evra og 13.395 evrur 19. september 2008 vegna skuldabréfa að nafnvirði 15.000 evra, öll úr skuldabréfaflokki EMTN 183. Þá hafi verið greiddar 4.660,50 evrur 21. júlí 2008 vegna skuldabréfa að nafnvirði 5.000 evra úr skuldabréfaflokki EMTN 186. Framangreindar greiðslur hafi verið gerðar upp á milli Landsbanka Íslands hf. og stefnda í gegnum Euroclear Bank. Samkvæmt staðfestingum úr kerfi Landsbanka Íslands hf. hafi stefndi verið mótaðili bankans. Í stefnu er einnig lýst þróun fjármálamarkaða og stöðu Landsbanka Íslands hf. fram á haustið 2008 sem lyktaði með því að Fjármálaeftirlitið tók yfir starfsemi bankans 7. október 2008 með vísan til 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá er í stefnu gerð grein fyrir því þegar Landsbanki Íslands hf. var tekinn til slita samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 og aðgerðum slitastjórnar við riftun þeirra greiðslna sem áður er lýst.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn í meginatriðum á því að Landsbanki Íslands hf. hafi með framangreindum greiðslum greitt skuld við stefnda fyrr en eðlilegt hafi verið á sama tíma og bankinn hafi verið ógjaldfær. Ekki hafi verið komið að gjalddaga þeirra og uppgreiðsluheimild hafi ekki verið fyrir hendi. Við greiðslurnar hafi réttindi og skyldur samkvæmt skuldabréfunum farið á eina hendi og skuldabréfakröfurnar fallið niður. Því séu greiðslurnar riftanlegar á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Greiðsla skuldar, fyrr en nauðsynlegt hafi verið að greiða og með takmörkuðu lausafé bankans, hafi ekki getað verið venjuleg eftir atvikum eða eðlileg ráðstöfun, með hliðsjón af stöðu bankans og íslenska fjármálamarkaðarins.

Málsástæður og lagarök aðila í frávísunarþætti málsins

Stefndi byggir kröfu sína um frávísun í fyrsta lagi á því að stefndi eigi ekki varnarþing á Íslandi og málið sé því höfðað á röngu varnarþingi. Samkvæmt ákvæðum 32. gr., 33. gr. og 1. mgr. 43. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verði mál ekki almennt höfðað á hendur aðila með lögheimili í öðru ríki fyrir íslenskum dómstólum heldur þurfi að sækja slíkt mál í því ríki þar sem stefndi eigi lögheimili. Mál á hendur aðila með lögheimili í öðru ríki en Íslandi verði því aðeins höfðað hér á landi sé skýr lagaheimild fyrir því og aðeins í sérstökum tilvikum. Stefnandi byggir heimild sína til að höfða mál á hendur stefnda fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. breytingarlög nr. 146/2011 sem tekið hafi gildi 25. október 2011. Riftunarmál skuli, samkvæmt ákvæðinu eins og því hafi verið breytt, höfða fyrir þeim héraðsdómi þar sem fjármálafyrirtæki hafi verið tekið til slita. Heimildin sé undantekning frá þeirri meginreglu alþjóðlegs einkamálaréttar að höfða skuli mál gegn aðila þar sem hann eigi skráð lögheimili. Eins og fram komi í athugasemdum með frumvarpi að breytingarlögum nr. 146/2011 hafi lögin verið sett í kjölfar dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 379/2011. Í dómnum hafi verið kveðið á um að óheimilt hafi verið að höfða riftunarmál gegn erlendum aðilum hér á landi án þeirra samþykkis. Greiðslurnar sem mál þetta varði hafi verið inntar af hendi um vorið og sumarið 2008, tæpum þremur og hálfu ári áður en framangreind undantekningarregla hafi verið lögfest með breytingarlögum nr. 146/2011. Stefndi byggir á því að ákvæðinu verði ekki beitt afturvirk til að sækja mál þetta á hendur honum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þegar viðskiptin hafi farið fram hafi legið fyrir að allur ágreiningur vegna þeirra yrði útkljáður á heimilisvarnarþingi stefnda eða í Englandi þar sem sanningsvarnarþing sé samkvæmt útgáfulýsingu. Slíkt brjóti gegn meginreglum stjórnskipunarréttar um að lögum verði ekki beitt afturvirk með íþyngjandi hætti, sbr. meðal annars 27. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Verði framangreindu ákvæði beitt afturvirk brjóti það gegn rétti stefnda til réttlátrar málsmeðferðar sem honum sé meðal annars tryggður í 70. gr. stjórnarskrárinnar. Auk þess myndi afturvirk beiting ákvæðisins brjóta gegn eignarrétti stefnda sem sé varinn með 72. gr. stjórnarskrárinnar því ákvæðið uppfylli ekki þau skilyrði eignarréttarskerðingar að lagaheimildin sem hún byggir á sé skýr og afdráttarlaus og að almannahagsmunir séu í húfi. Þá telur stefndi að undantekningarregla 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 feli í sér brot á jafnræðisreglu þar sem slitastjórnunum íslenskra fjármálafyrirtækja sé ívilnað á kostnað erlendra aðila. Í athugasemdum með frumvarpi að breytingarlögum nr. 146/2011 komi það skýrt fram að augljóst hagræði sé fólgið í því að slitastjórnunum sé gert mögulegt að höfða mál fyrir íslenskum dómstólum. Augljós tilgangur laganna sé því að mismuna aðilum. Að mati stefnda verði réttur almennt ekki byggður á svo íþyngjandi og ósanngjörnu lagaákvæði og því síður með afturvirkum hætti, þrjú og hálf ár aftur í tímann. Af þeim sökum beri að vísa máli þessu frá dómi.

Stefndi telur í annan stað að málið hafi ekki verið höfðað fyrr en að liðnum málshöfðunarfresti sem kveðið sé á um í 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 1. gr. laga nr. 146/2011. Málshöfðunarfrestur ákvæðisins hafi tvisvar verið lengdur eftir að stefnandi hafi verið tekinn til slitameðferðar, fyrst úr 6 mánuðum í 24 mánuði, með lögum nr. 132/2010, og síðan í 30 mánuði, með lögum nr. 146/2011. Að mati stefnda verði framlengdum málshöfðunarfresti ekki beitt vegna þeirra þrotabúa sem hafi verið tekin til skipta þegar lögunum hafi verið breytt. Slíkt væri verulega íþyngjandi fyrir stefnda og þá sem séu í sambærilegri stöðu og brjóti gegn þeirri meginreglu stjórnskipunarréttar að lögum verði ekki beitt með afturvirkum

hætti. Verði talið að 30 mánaða málshöfðunarfrestur ákvæðisins geti átt við í málinu byggir stefndi á því að sá frestur hafi einnig verið liðinn þegar málið hafi verið höfðað. Kröfulýsingarfresti í slitameðferð stefnanda hafi lokið 30. október 2009 og með vísan til þess hafi 30 mánaða málshöfðunarfresti lokið 30. apríl 2012. Stefna þessa máls hafi verið þingfest 29. maí 2012. Mál teljist höfðað með birtingu eða áritun stefnu eða þegar stefndi móttaki samrit stefnu við þingfestingu máls, sbr. 93. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessa máls hafi ekki verið árituð um birtingu eða birt stefnda með löglegum hætti. Stefnan hafi hins vegar verið birt í Lögbirtingablaði 27. apríl 2012. Að mati stefnda séu ströng skilyrði 89. gr. laga nr. 91/1991 fyrir birtingu stefnu í Lögbirtingablaði ekki uppfyllt í þessu máli. Stefnandi hafi ekki á nokkurn hátt útskýrt það hvers vegna stefnan hafi verið birt í Lögbirtingablaði eða gert tilraun til að sýna fram á að það hafi verið nauðsynlegt eða heimilt. Mál þetta teljist því höfðað 29. maí 2012 þegar stefndi hafi móttakið samrit stefnu við þingfestingu málsins. Að mati stefnda sé málið þar af leiðandi höfðað utan málshöfðunarfrests 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, hvort sem miðað sé við 6 mánuði eða 30 mánuði og því beri að vísa málinu frá dómi. Við munnlegan málfutning lagði lögmaður stefnda einnig áherslu á að sú stefna sem birt hefði verið í Lögbirtingarblaði hefði ekki verið þingfest við fyrirtöku málsins 29. maí 2012 heldur lögð fram síðar af hálfu stefnanda.

Í þriðja lagi byggir stefndi kröfu sína um frávísun á því að málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður og uppfylli því ekki skilyrði 80. gr. laga nr. 91/1991, einkum e-lið, f-lið og g-lið. Stefndi telji kröfugerð í stefnu verulega vanreifaða. Umfjöllun stefnanda um viðskipti þeirra stefnda sé lítil sem engin og ekki sé gerð tilraun til þess að varpa ljósi á það hvers eðlis viðskiptin hafi verið. Almenn umfjöllun um slæma stöðu stefnanda sé fyrirferðamikil en ekki sé gerð grein fyrir því með hvaða hætti hún tengist viðskiptum aðila eða hvernig hún geti verið grundvöllur riftunarmáls á hendur stefnda. Engin gögn séu lögð fram til að styðja fullyrðingar um slæma stöðu stefnanda þegar viðskiptin hafi átt sér stað eða til að styðja þá fullyrðingu að þessi slæma staða hafi verið á almannavitorði. Þvert á móti hafi almennt verið talið að stefnandi stæði vel á þeim tíma, sérstaklega sé tekið mið af opinberum yfirlýsingum stjórnenda stefnanda, stjórnámálanna og eftirlitsaðila. Stefnandi fjalli ekkert um viðskiptasamband þeirra stefnda, hvenær eða á hvaða verði stefndi hafi keypt þá fjármálagjörninga sem deilt sé um í þessu máli. Þá minnst stefnandi hvorki á né rökstyðji með hvaða hætti stefndi hafi átt að hafa auðgast á viðskiptunum. Að auki skýri stefnandi ekki frá því hvort hann hafi selt fjármálagjörningana áfram. Án þeirra upplýsinga sé ekki mögulegt að leggja mat á það hvort stefnandi hafi yfir höfuð orðið fyrir einhverju tjóni vegna viðskiptanna. Að lokum hafi stefnandi ekki gert tilraun til að sýna fram á það að hann geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem sé skilyrði riftunar, og engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á það. Stefnandi hafi haft mjög rúman tíma til þess að undirbúa málsókn þessa og því verði að gera þá kröfu til hans að málið sé betur undirbúið og málatilbúnaður skýrari, til dæmis varðandi útlistun á viðskiptum aðila og framlagningu gagna til stuðnings dómkröfum. Eins og málið sé sett fram af hálfu stefnanda sé mjög erfitt fyrir stefnda að átta sig á því á hvaða málsástæðum og gögnum stefnandi byggir dómkröfur sínar og það geri stefnda erfitt að taka til varna. Í ljósi alls framangreinds telji stefndi ljóst að málatilbúnaður stefnanda brjóti gegn 1. mgr. 80. gr. og því beri að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi mótmælir málsástæðum stefnda um málið sé höfðað á röngu varnarþingi. Vísar hann til þess að skorið hafi verið úr þessu álitaefni í nýlegum

dómi Hæstaréttar Íslands sem beri að leggja til grundvallar sem fordæmi í þessu máli. Þá breyti varnarpingsregla 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 146/2011, ekki íslenskum efnisrétti um riftun greiðslna. Með breytingarlögunum frá 2011 hafi verið innleidd meginregla EES réttar um að framkvæmd þrotaskipta fari fram á heimavarnarþingi þrotabús og eftir lögum þess ríkis. Hvað varðar málshöfðunarfrestinn þá telji stefnandi að miða eigi málshöfðun við birtingu stefnu í Lögbirtingablaði 27. apríl 2012. Umsókn um birtingu á Spáni hafi verið send til sýslumannsins í Keflavík en ekkert hafi heyrst frá yfirvöldum á Spáni og því verið birt í Lögbirtingablaði. Samkvæmt Haag-samningnum um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum þurfi erlend yfirvöld að tilkynna það tafarlaust ef þau telji sig ekki geta birt innan tilgreinds frests og hafi stefnandi þá tækifæri til að reyna birtingu með öðrum hætti. Spænsk yfirvöld hafi haft ríflega þrjá mánuði til þess að birta stefnu málsins. Þá hafi verið miðað við að 30 mánaða málshöfðunarfrestur hafi byrjað að líða við lok kröfulýsingarfrests en þó megi miða við að hann hafi byrjað að líða síðar sé litið til þess hversu stórt þrotabúið sé og þess að starfsemi Landsbanka Íslands hf. hafi einnig verið í Englandi og Lúxemborg. Þá hafi stefnandi þurft að óska eftir aðgangi að gögnum sem hafi verið í vörslu annarra. Stefnandi hafi einnig orðið að leita til endurskoðunarfyrtækis til rannsóknar á málefnum slitabúsins. Niðurstöður þeirrar rannsóknar hafi ekki legið fyrir fyrr en 3. mars 2010 og hafi það verið fyrstu upplýsingar sem slitastjórnin hafi fengið um um þær kröfur sem hér um ræðir. Sé litið til framangreinds hafi 30 mánaða málshöfðunarfresturinn ekki verið liðinn þegar málin voru þingfest 29. maí 2012. Stefnandi mótmælir einnig málsástæðum stefnda um vanreifun. Tiltekin skuld Landsbanka Íslands hf. við stefnda hafi verið greidd. Það liggja fyrir að stefndi hafi tekið við greiðslunum hvort sem hann hafi verið eiginlegur kröfuhafi eða ekki. Stefnandi telji augljóst að kröfuréttarsamband hafi verið milli bankans og stefnda enda ljóst af framlögðum skjölum að handhafi hvers bréfs hafi verið kröfuhafi. Verði ekki fallist á það hafi stefndi í öllu falli auðgast á greiðslu skuldarinnar. Ekki þurfi þó að sýna fram á að kröfuréttarsamband hafi verið milli aðila til þess að fá greiðslu rift. Gerð sé grein fyrir skuldabréfarammanum í stefnu málsins. Hins vegar hafi fæst af því sem komi fram í skuldabréfarammanum beina þýðingu fyrir þetta mál og því hafi, til einföldunar, ekki verið fjallað um það í smáatriðum. Þá sé lagður fram listi aðila sem hafi ekki fengið greiddar kröfur sínar á grundvelli eins eða sams konar bréfa og hafi því notið annarrar meðferðar en stefndi þessa máls.

Niðurstaða

Í máli þessu liggur fyrir að stefnandi óskaði eftir því 17. janúar 2012 við Sýslumanninn í Keflavík að hann hefði milligöngu um birtingu stefnu málsins fyrir fyrirsvarsmanni stefnda sem á skráð lögheimili í Coruna á Spáni. Var erindi þessa efnis sent spænska dómsmálaráðuneytinu 18. sama mánaðar og þess óskað að stefnan yrði birt í síðasta lagi 27. apríl 2012. Með bréfi miðstjórnarvaldsins á Spáni 8. ágúst 2012 var Sýslumanninum í Keflavík tilkynnt að stefnan hefði ekki verið birt þar sem birtingarfresturinn hafi verið of skammur.

Í málinu hafa ekki komið fram upplýsingar eða gögn, svo sem vottorð um árangurslausa birtingu, til skýringar á því hvers vegna sá frestur sem spænsk stjórnvöld höfðu til birtingar, sem var ríflega þrír mánuðir, reyndist ófullnægjandi

til birtingar fyrir fyrirsvarsmanni stefnda með þekkt lögheimili á Spáni. Eins og málið liggur fyrir verður því litið svo á að spænsk yfirvöld hafi látið hjá líða að birta umrædda stefnu þannig að heimilt hafi verið að birta stefnda stefnuna í Lögbirtingarblaði með heimild í b-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt gögnum málsins birti stefnandi stefnu í Lögbirtingarblaðinu 27. apríl 2012. Hins vegar er fram komið að þessi stefna var ekki þingfest við fyrirtöku málsins 29. maí 2012 heldur var hún lögð fram við síðari fyrirtöku þess sem sérstakt dómskjal.

Samkvæmt þessu, svo og með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands 15. febrúar 2013 í máli nr. 74/2013, verður að leggja til grundvallar að sú stefna sem lögð var fram sem dómskjal nr. 1 við þingfestingu málsins 29. maí 2012 hafi ekki verið birt.

Krafa stefnda um frávísun málsins vegna ófullnægjandi birtingar stefnu kom fram í greinargerð hans og telst því nægilega snemma fram komin. Með vísan til mótmæla stefndu er því skylt að vísa málinu frá dómi. Er þá ekki þörf á því að fjalla um önnur þau atriði sem stefndi telur að eigi að leiða til frávísunar málsins eða ágreining aðila um framlagningu gagna.

Eftir úrslitum málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnda flutti málið Skarphéðinn Pétursson hrl.

Af hálfu stefnanda flutti málið Jóhannes Sigurðsson hdl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, LBI hf., greiði stefnda, Banco Etcheverria SA, 500.000 krónur í málskostnað.

Skúli Magnússon